

12. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 v/grunnskóla haldinn

2. september 2020 kl. 15.30

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H) sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Einar Bjarnason fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi foreldraráðs. Sigurður Unnar Sigurðsson fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, boðuðu forföll.

Vegna samkomutakmarkana fór fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað.

DAGSKRÁ:

1. Covid-19, breyting á skóladagatali og réttir

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Covid-19, breyting á skóladagatali og réttir

Formaður fór yfir stöðu mála og lagði fram til kynningar reglur frá landbúnaðarnefnd vegna Hrunaréttta 2020. Ljóst er að Hrunaréttir verða ekki haldnar með hefðbundnum hætti í ár vegna Covid-19 og hefur landbúnaðarnefnd lagt fram áðurnefndar reglur um fyrirkomulag réttarstarfa í ár þar sem m.a. kemur fram að öllum öðrum en þeim sem eiga beina hagsmuni af réttarstörfum, er meinaður aðgangur réttunum og að taka á móti safninu.

Það er því ljóst að Hrunaréttir verða aðeins mannaðar þeim sem eiga þar erindi vegna starfa sinna og því enginn almenningur á ferð. Í því ljósi kemur upp sú umræða hvort ekki sé rétt að gera breytingu á dagatali skólans á þann veg að kennsla verði á þessum degi.

Skólastjóri telur rétt að gerð verði breyting á dagatalinu með þeim hætti að kennsla verði þennan dag, 11. september n.k.

Skólanefnd tekur undir með skólastjóra og samþykkir að dagatali Flúðaskóla verði breytt á þann veg að föstudaginn 11. september n.k. verði kennsla fyrir nemendur skólans. Þessi ráðstöfun er m.a. gerð til að halda samfellu í skóladegi barnanna og telst vera í anda gildandi sóttvarnartilmæla.

Næsti fundur ákveðinn síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45.